

Til launagreiðanda

Reykjavík, 10. júní 2008

**Efni: Samningur ASÍ og SA um sérstakt endurhæfingargjald í Endurhæfingarsjóð frá og með 1. júní 2008.**

Alpýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins hafa á undanförunum misserum rætt saman um nýtt fyrirkomulag endurhæfingar. Samkomulag er milli aðila um að hefja þessa þróun þegar á árinu 2008 með því að skipuleggja þjónustu og veita úrræði fyrir þá starfsmenn sem veikjast til lengri tíma eða slasast þannig að vinnugeta skerðist. Markmið okkar er að koma að málum eins snemma og kostur er til að stuðla að því að hver einstaklingur verði svo virkur á vinnumarkaði sem vinnugeta hans leyfir.

Til að standa straum af kostnaði við þessa þjónustu hefur verið stofnaður sérstakur sjóður, Endurhæfingarsjóður. Hlutverk þessa sjóðs verður í meginatriðum þrens konar. Í fyrsta lagi mun hann skipuleggja og hafa umsjón með störfum þjónustufulltrúa sem munu aðstoða einstaklinga sem þurfa á endurhæfingu að halda, en þeir verða aðallega á vegum sjúkrasjóða stéttarfélaganna, og greiða kostnaðinn af störfum þeirra. Í öðru lagi mun sjóðurinn greiða kostnað af ráðgjöf ýmissa fagaðila um mótun sérstakrar einstaklingsbundinnar endurhæfingaráætlunar, s.s. lækna, sálfræðinga, iðjuþjálfara, sjúkrþjálfara, náms- og starfsráðgjafa o.s.fr. Í þriðja lagi mun Endurhæfingarsjóður hafa fjármuni til þess að greiða fyrir kostnað við úrræði og endurhæfingu með áherslu á að auka vinnugetuna, til viðbótar því sem þegar er veitt af hinni almennu heilbrigðisþjónustu í landinu.

Samkomulagið miðast við að í heild verði ráðstafað 0,39% af launum til Endurhæfingarsjóðs. Í fyrsta áfanga er samkomulag milli Alpýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um að leggja sérstakt 0,13% launatengt gjald, Endurhæfingargjald, á launagreiðendur á sama gjaldstofn og iðgjald til lífeyrissjóða frá og með 1. júní 2008. Í öðrum áfanga sem hefst í ársbyrjun 2009 er miðað við að ríkissjóður leggi Endurhæfingarsjóði til sömu upphæð og launagreiðendur samkvæmt sérstöku samkomulagi. Í þriðja áfanga sem hefst í ársbyrjun 2010 munu Alpýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins beita sér fyrir því að lífeyrissjóðir á samningssviði þeirra greiði til Endurhæfingarsjóðs sama hlutfall og launagreiðendur. Ennfremur munu Alpýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins leita leiða til þess að aðrir lífeyrissjóðir greiði til Endurhæfingarsjóðs eftir því sem við á þannig að full framlög fái til sjóðsins vegna þeirra einstaklinga sem Endurhæfingargjald er greitt af.

Til þess að auðvelda alla framkvæmd á innheimtu þessa nýja gjalds hefur Endurhæfingarsjóður óskað eftir því að lífeyrissjóðirnir taki að sér innheimtu gjaldsins. Fundað hefur verið með fulltrúum framleiðanda þeirra launaforrita sem eru á markaðinum og tryggt að kerfin ráði við þetta nýja gjald. Með þessu er það von okkar að kostnaði við umsýslu og framkvæmd verði haldið í algjöru lágmarki án þess að ganga á skilvirkni og nákvæmni.

Það er von okkar að gott samstarf verði um innleiðingu þessa nýja kerfis, en ef upp koma spurningar má beina þeim til Soffíu Vernharðsdóttir, símar: 5813079 eða 8623579 eða [soffiavenna@simnet.is](mailto:soffiavenna@simnet.is).

Með kveðju,



Gylfi Arnbjörnsson



Vilhjálmur Egilsson